

HAFNARFJARÐARBÆR

Skólar

Viðhald fasteigna
Ársskýrsla 2020

Hafnarfjörður 09.01 2021

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	4
Áslandsskóli – færanlegar kennslustofur	6
Engidalsskóli	8
Hraunvallaskóli	11
Hvaleyarskóli	15
Lækjarskóli	18
Lækjarskóli - íþróttahús	21
Menntasetrið	23
Setbergsskóli	26
Setbergsskóli - íþróttahús	29
Skarðshlíðarskóli	31
Tónkvísl	32
Tónlistarskóli	34
Víðistaðaskóli	36
Víðistaðaskóli - íþróttahús	40
Öldutúnsskóli	42

INNGANGUR

Skýrslan var unnin haustið 2020 og er samantekt (stöðumat) yfir viðhaldspörf fyrir skólamannvirki Hafnarfjarðarbæjar. Ekki er í stöðumatinu reiknað með verðlags- eða vísitölubreytingum fyrir komandi ár, sem og er ekki gert ráð fyrir ófyrirséðum kostnaði vegna aukinna skemmda á eignum sem verður til vegna frekari frestunar á viðhaldi.

Gert er ráð fyrir að skýrslan veiti innsýn í viðhaldspörf sveitarfélagssins og verður þannig innlegg til fjárhagsáætlunargerðar fyrir bæinn.

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 var áætlað í viðhaldskostnað um 439 milljónir. Af þessum fjármunum voru áætlaðar ca. 175 milljónir til viðhalds skólamannvirkja (ca. 38 % alls fjármagns). Að auki var varið um 45 milljónum í fjárfestingu vegna viðgerða á Hraunvallaskóla og breytingar á Lækjarskóla.

Á árinu 2020 var ráðist í rúmlega 352 viðhaldsverkefni í skólum og voru verkefni af mismunandi stærðargráðum. Um 113 aðilar (verktakar/kennitölur) tengjast viðhaldi skóla og leikskóla á árinu.

Megin áhersla varðandi viðhaldsverkefni, hefur legið í verkefnum tengdum lekavandamálum og fyrirbyggjandi viðhaldsverkefnum. Á árinu 2020 hefur ennfremur verið lögð umtalsverð áhersla á að bæta og laga loftræstikerfi í skólum.

Skortur á fjármagni til viðhalds árin eftir hrun, hefur haft í för með sér að ástand margra eigna er ekki eins og það á að vera. Ef ekki er hugað að fyrirbyggjandi viðhaldi, sem og ráðast stax í viðgerðir á t.d. lekum, verður kostnaður við einstakar framkvæmdir oft margfalt dýrari en þörf er á. Meðal annars vegna þessa, þarf að taka kostnaðarmat framkvæmda með ákveðnum fyrirvara.

Í skýrslunni eru upptalin brýnustu viðhaldsverkefni fyrir hverja eign. Upptalning verkefna í skýrslunni er ekki tæmandi og afar líklegt að mörg ný verkefni koma upp í vetur og á næsta ári. Óvissan í fjárþörf er því umtalsverð vegna

framkvæmda á komandi ári. Gróft viðhaldsmat (fjárþörfin) fyrir skólamannvirki, næstu 3 ár, er metin um **1.080**

milljónir. Í þessa upphæð eru tekin stórt viðhaldsverk, í Setbergsskóla með kostnað upp á um 320 milljónir sem ráðast þarf í á næstu árum. Ef raunþörf í viðhaldi allra eigna bæjarins er skoðuð í sögulegu samhengi má sjá, að uppsöfnuð viðhaldspörf frá 2008 er nálægt 2,5 milljörðum króna fyrir allar eignir bæjarins. Raunþörfin á viðhaldsfé er fundin með að nota 0,85% af fasteignamati (% sem er í lægri kanti) eignar. Með að uppfæra viðhaldsfé m.t.t. byggingarvísitölu fæst þannig raunþörf á fjármagni í viðhald á ári fyrir eignasafnið. Fjárhagsáætlanir síðastliðinna ára að frádreginni raunþörf auk vísitölu sýnir heildarskortinn á fjármagni í viðhald. Í þeim tölunum er ekki tekið tillit til nýrra eigna sem hafa komið inn síðastliðin ár s.s.

Viðhaldsskipting næsta ár	2021
ÁSLANDSSKÓLI- FÆRANLEGAR KENNSLUSTOFUR	2.000.000
ENGIDALSSKÓLI	20.500.000
HRAUNVALLASKÓLI	16.300.000
HVALEYRARSKÓLI	20.700.000
LÆKJARSKÓLI	12.000.000
LÆKJARSKÓLI- ÍPRÓTTAHÚS	4.000.000
MENNTASETRIÐ	14.000.000
SETBERGSSKÓLI	20.500.000
SETBERGSSKÓLI- ÍPRÓTTAHÚS	4.000.000
SKARÐSHLÍÐARSKÓLI	2.000.000
TÓNKVÍSL	3.000.000
TÓNLISTARSKÓLI	4.000.000
VÍÐISTAÐASKÓLI	23.700.000
VÍÐISTAÐASKÓLI- ÍPRÓTTAHÚS	4.000.000
ÖLDUTÚNSSKÓLI	24.000.000
Samtals	174.700.000
<i>Taflan sýnir áætlað fjármagn deilt á einstaka skóla á árinu 2021</i>	



- 2014 bættist við Kaplakriki (fasteignamat viðbót um 2.000 milljónir).
- 2016 bættist við Leikskólinn Bjarkarvellir (fasteignamat viðbót um 650 milljónir).
- 2017 bættist við St. Jósefsspítali.
- 2017 bættist við Suðurgata 14 (Skattstofan).
- 2017 bættist við Keilir.
- 2018 bættist við Gúttó.
- 2018 bættist við Jólaborpið.
- 2018 bættist við Skarðshlíðarskóli.
- 2019 bættist við Sólvangur gamli.
- 2019 bættist við Sólvangur nýi.
- 2019 bættist við Akstursípróttafélag Hafnarfjarðar.
- 2019 bættist við Hnefaleikafélag Hafnarfjarðar.
- 2019 bættist við Bogfímifélagið.

Í skýrslunni er ákveðið er að vinna útfra þeirri forsendu að það fáiist um 466 milljónir króna í viðhaldsfé á árinu 2021 fyrir allar eignir bæjarins. Taflan hér að neðan sýnir áætlaða skiptingu þess fjármagns í eignahluta.

Áætlað fjármagn 2021	% skipting	Upphæð í Kr.
Skólar	37,5%	174.732.260
Leikskólar	15,0%	69.801.660
Sundlaugar/íþróttahús	23,5%	109.492.800
Annað húsnæði	16,0%	74.363.860
Ófyrirséð	8,0%	37.329.420
Samtals	100%	465.720.000

Samkvæmt töflunni sést að enn er lögð umtalsverð áhersla á viðhald skólabygginga á árinu 2021.

Í skóla er áætlað að verja, í viðhaldsmál, um 37,5 % af fjármagninu alls um 175 milljónum.

Í skýrslunni er viðhaldsskipting, fyrir árið 2021, unnin í samvinnu við húsumsjónarmenn og skólastjórnendur. Ekki er gert ráð fyrir í viðhaldsáætlun nýjum verkefnum sem upp kunna að koma yfir veturinn. Fyrirhugaðar framkvæmdir og fjármagn getur þannig breyst, innan og milli stofnanna, ef forsendur breytast. Í skýrslunni eru fyrirhugaðar framkvæmdir á árinu 2021 merktar með rauðu lettri.

Áslandsskóli – færanlegar kennslustofur



Heildarviðhaldskostnaður	7 m.kr.
Bókhaldsnúmer	31-111-11011
Heimilisfang	Kríuás 1
Byggingaár	
Flatarmál	m ²
Fasteignamat	
Tegund húsnæðis	Skóli

Viðhaldspörf fasteignar næstu ár.

Ástand húsnæðisins er á heildina litið gott en kominn tími á almennt viðhald. Uppsafnaður viðhaldskostnaður vegna fyrirséðra viðgerða á næstu árum er áætlaður um **4 milljónir** króna. Ef miðað er við 0,85% viðhald af fasteignamati má gera ráð fyrir að kostnaður vegna ófyrirséðra viðgerða verði að auki ca. **1 milljónir** á ári. Samanlögð viðhaldspörf næstu 3 árin er því um **7 milljónir króna**. Stærstu kostnaðarþættir eru m.a. eftirfarandi:

Innanhúss:

- Endurmála vegg inni.

Utanhúss:

- Laga KSI völl og annað sem kemur uppá.

Viðhaldsskipting næstu 3 ár		
2021	2022	2023
2.000.000	2.000.000	3.000.000

Framkvæmdir 2020.

Á árinu 2020 var varið um 3,5 milljón í viðhald á eigninni.

- Mynda lögn, laga vatnslás.
- Mála glugga og timbur að utanverðu
- Málun á veggjum innanhúss
- Viðhald á KSI velli
- Málningarvinna. Gangur fyrir framan stofur í útihúsi. Málahvít akrílhúð 25.
- Tölvustofa færð. Rifin niður borð, lagnir og skápar í Náttúrufræðistofu. Sett upp borð og tenglar fyrir tölvuvinnslu
- Vinna við að laga hurð

Áætlað viðhald á árinu 2021

Á árinu 2021 er áætlað að verja um 2 milljónum í viðhald. Viðhaldsáætlun 2021 er merkt með rauðu í texta hér að framan.

Myndir af viðhaldsverkefnum:

Mynd. Bera þarf á timburverk á KSI velli og laga net. Laga þarf timburþrep á færanlegu stofunum.

Engidalsskóli



Heildarviðhaldskostnaður	75 m.kr.
Bókhaldsnúmer	31-111-11004
Heimilisfang	Breiðvangur 42
Byggingaár	1979
Flatarmál	4790 m ²
Fasteignamat	1.270.500.000
Tegund húsnæðis	Skóli

Viðhaldspörf fasteignar næstu ár.

Ástand húsnæðisins er í sæmilegu standi. Uppsafnaður viðhaldskostnaður vegna fyrirséðra viðgerða á næstu árum er áætlaður um **42 milljónir** króna. Ef miðað er við 0,85% viðhald af fasteignamati má gera ráð fyrir að kostnaður vegna ófyrirséðra viðgerða verði að auki ca. **11 milljónir** á ári. Samanlögð viðhaldspörf næstu 3 árin er því um **75 milljónir króna**. Stærstu kostnaðarþættir eru m.a. eftirfarandi:

Innanhúss:

- Endurmála þarf víða vegg skólans sem og gang á efri hæð og WC.
- Víða þarf að skipta um ljósbúnað í skólanum
- Stofa 18 mála, laga hljóðvist
- Yfirfara og endurnýja flísar og dúka.
- Skipta um 5 glugga
- Fjarlægja vegg, setja upp stóra uppskiptanlega stofu.
- Laga leka í gólfi við inngang
- Loftræsting
- Hússtjórnarkerfi

Utanhúss:

- Sprunguviðgerðir og endurmála steypa fleti á norðurhlið.
- Laga hleðslu við inngang, snjóbræðsla ber
- Endurnýja leiktæki á lóð
- Girða af ruslatunnugerði
- Setja upp hjólagerði
- Yfirfara lóð, tæki og annað sem kemur uppá.

Viðhaldsskipting næstu 3 ár		
2021	2022	2023
20.500.000	27.000.000	27.500.000

Framkvæmdir 2020.

Á árinu 2020 var varið um 11 milljónum í viðhald á eigninni. Viðhaldsverkefni voru m.a.:

- Laga flísar í sturtu í leikfimisal
- Skipta um 2 brotnar rúður
- Setja nýjan ofn, vinna við hitakerfi
- Skipt um Easy light útljós 1,5 h IP40 , 3,6 V 11 stk
- Málningarvinna, matsalur, gangur inn af matsal, stigagangurhjá matsal og herbergi hjá skólahjúkrunarfræðing. Málahvít akrílhúð 25. Londongrátt akrílhúð 25 Úthaf akrílhúð 25, 3050-y60r kópal 25.
- Gera við leka í hitakerfi
- Málun. Stofa 1,3,6 og 8 Gangur 2. Hæð
- Skipta um 5 glugga
- 4 stk LED lampar
- Málningarvinna. Vinnuherbergi kennara, skrifstofa skólastjóra, skrifstofa aðstoðarskólastjóra og leikskóla. Herbergi þroskaþjálfara og námsráðgjafa. Afgreiðsla og stofa 13.
- Skipta um inntaksventil í WC kassa, losa stíflur úr vöskum og vatnslásum, loka niðurfalli í stofu 9, gera við leka á innbyggðu WC
- Vinna við ofnakerfi, skipta um 4 ofna
- Endurnýja ljósbúnað á göngum, Spennujöfnun jarðbinda og mæla, 9 stk Lampar LED 60x60 Dimmanlegir, 3 stk Lampar LED 60x60
- Nýir þakkúplar 3 stk
- Trjáklipping
- Lagfæra leiktæki, laga rólu
- Viðgerð á rólu
- Laga snjóbræðslu og losa stíflur og laga ofnakerfi
- Leikvallaperla
- 100 m² túnþökur
- Grófur úrgangur frá framkvæmdum
- Skipta um brotna kúpta þakglugga. Rífa út innréttingu
- Laga aðfinnslur vegna brunamála. S.s. Lofttræstikerfi tengt, skipta um sírenur, setja upp skynjara, tjald ofl í eldhúsi, laga brunalagnir í risi
- Vinna við bilun í hitakerfi, skipta um blöndunartæki í leikfimisal mm.
- Vinna við hitakerfi , snjóbræðslu mm.
- Málun bílastæða

Áætlað viðhald á árinu 2021

Á árinu 2021 er áætlað að verja um 20,5 milljónum í viðhald. Viðhaldsáætlun 2021 er merkt með rauðu í texta hér að framan.

Myndir af viðhaldsverkefnum:



Mynd. Múrviðgerðir og málun á NV hlið skólans. Skipta þarf út nokkrum gluggum



Mynd. Laga hljóðvist og skipta út gömlum ljósbúnaði.



Mynd. Laga snjóbræðslu, hellulögn og mála ljósastaura

Hraunvallaskóli



Heildarviðhaldskostnaður	99 m.kr.
Bókhaldsnúmer	31-111-11016
Heimilisfang	Drekavellir 9
Byggingaár	2006-2011
Flatarmál	8836 m ²
Fasteignamat	1.836.800.000
Tegund húsnæðis	Skóli

Viðhaldspörf fasteignar næstu ár.

Ástand húsnæðisins er orðið nokkuð gott en á sl. ári var varið um 40 milljónum í að laga leka sem voru með gluggum. Á næsta ári er reiknað með að verja einhverjum fjárhæðum í viðgerðir sem tengjast gluggakerfum en veturinn mun leiða í ljós hvernig til tókst. Uppsafnaður viðhaldskostnaður vegna viðgerða á næstu árum er áætlaður um **50 milljónir** króna, er þar fyrirséður kostnaður vegna þakviðgerða stærsti kostnaðarliðurinn. Ef miðað er við 0,85% viðhald af fasteignamati má gera ráð fyrir að kostnaður vegna ófyrirséðra viðgerða verði að auki ca. **16,3 milljónir** á ári. Samanlögð viðhaldspörf næstu 3 árin er því um **99 milljónir króna**. Stærstu kostnaðarþættir eru m.a. eftirfarandi:

Innanhúss:

- Víða þarf að mála kennslusvæði.
- Slípa og lakka parket á smíðastofu
- Slípa og lakka parket á göngum
- Laga hljóðvist í íþróttasal.
- Laga frárennsli frá ofni í eldhúsi.
- Yfirfara og laga dúka og flísar.
- Laga leka frá niðurfalli sem liggur inni í húsi

Utanhúss:

- Yfirfara dúk á þaki.
- Mála heilsdagsskólan að utan.
- Stækka leiksvæði
- Laga leka með opnanlegum fögum og búrum
- Skipta um brotnar flísar utan á húsinu
- Tengja rotþró í frárennsli
- Lagfæringar á lóð, ný leiktæki og annað sem kemur uppá.

Viðhaldsskipting næstu 3 ár		
2021	2022	2023
16.300.000	20.000.000	63.700.000

Framkvæmdir 2020.

Á árinu 2020 var varið um 56 milljónum í viðhald á eigninni. Viðhaldsverkefni voru m.a.:

- Stál á gólf við útihurð, laga ramp vegna hjólastólaaðgengis, viðgerð á ljósastaurum og hliðum inni, laga læsingar
- Laga tengingar á síuvökum v. Loftræstingar
- 1 stk. Útljós LED 1k10 , Útljós LED IP65 1 stk, LED ljós 18 W kúplar 10 stk
- Skipta um WC í stofu í útiskúr, Skipta um loka á heitu neysluvatni, laga leka á þrýstijafnara, laga leka á lögn í kjallara, skipta um tæki á Leikvöllum
- Nýtt brunakerfi
- Laga brotna gólfstýringu á rennihurð
- Skipta um brunakerfi, Kentec stöð vegna brunavarna
- Lás í hlið/hurð
- Hurðapumpa
- Uppsetning og tengivinna vegna öryggiskerfis
- Vinna við hússtjórnarkerfi
- Skipta um handboða vegna reykræstingar
- Lagfæra hurð
- Körfuboltanet
- Aftengja ofna og skipta um mæla
- Frágangur á bjöllurás og endurforritun brunaviðvörðunarkerfis
- Pappahaldari á salerni
- Viðgerð á dúk
- Ristar fyrir loftstokka á þak
- Flasningar v. Foktjóns. Setja áklæðningu á þakkant
- Vindbrjótur
- Mála glugga að utan og timbur
- Viðgerð á þaki vegna leka
- Gluggaviðgerðir á stórum hluta skólans
- Laga reykklúgur á þaki
- Laga gólfúða í útistofu
- Klæða gólf í færanlegu stofunum og laga hurðir/skilvegg í matsal
- Vinna vegna reykklúga, reykskynjara, bjöllur aftengdar, útleiðsla í brunakerfi mm
- Epoxy og slípun á gólf íþróttaklefar
- Málningarvinna. Þrír stigagangar, grænir veggir í B, C og E álmum og Green Screen í E-álmum. Fatahengi í E-álmum og veggir í afgreiðslu. Efni: Málahvít akrílhúð 25. 4020-b50g (grænt) akrílhúð 25. Green Screen.
- Viðgerð á gólfdukk yfirfara suður ofl
- Tengja ofna. Aftengdir v. Viðgerða á gluggum
- Hljóðvistarplötur endurnýjaðar í loftum 46 m2. Hljóðvistarplötur í loft RF77154 RF TROPIC A 600X600X15
- Málningarvinna. Gulir veggir í E-álmum á öllum hæðum. Viðgerð á vegg í fataklefa. Grænir veggir á 1. hæð í E-álmum og gangur fyrir framan stofur í útihúsi (Fléttuvellir). Efni: málahvít akrílhúð 25. 0560-y20r (gult) og 4020-b50g (grænt)




- 9 stk Tjakkar fyrir brunalúgur/glugga 230V
- Flasning við glugga
- Skipta um rennur
- Klæða öryggisstiga úti. Áfellur á hringstiga, listar á veggi, handrið ofl
- Laga úti og innilýsingu, skipta um ljós, LED 18W flatt ljós 18W, Oppe kastari LED i kagli 10W 1050lm Ip66
- Ný flóttahurð í íþróttasal
- Trjáklippingar
- BSI úttekt
- 220 m² túnpökur
- Girðingarefni
- Rubber seat 210 cm róluseta
- Laga pall og körfu
- Hjólagrindur fyrir 30 hjól
- Nýtt sólúr, bjalla og brunastrengur 100 m
- Í porti við C og E álmu safnast fyrir regnvatn, vegna þessa þarf að endurskoða regnvatnsbrunna/dren.
- Málningarvinna. Efsti partur á stigagöngum. Málahvít akrílhúð 25 og 4020-b50g (grænt).
- Málningarvinna. Skrifstofa íþróttakennara.
- Laga leka á útvegg á íþróttahúsi
- Laga reykklúgur setja upp nýja mótora
- Laga leka á snjóbræðslukerfi
- Laga klæðningu á húsi, körfuspjald
- Málun bílastæða

Áætlað viðhald á árinu 2021

Á árinu 2021 er áætlað að verja um 16,3 milljónum í viðhald. Viðhaldsáætlun 2021 er merkt með rauðu í texta hér að framan.

Myndir af viðhaldsverkefnum:



Mynd. Í íþróttasal þarf að skipta út loftaplötum



Mynd. Frágangur álkerfis við steypa vegg og glugga er ekki í lagi og og veldur lekum innandyrna

Hvaleyrarskóli



Heildarviðhaldskostnaður	70 m.kr.
Bókhaldsnúmer	31-111-11006
Heimilisfang	Akurholt 1
Byggingaár	1990-2005
Flatarmál	6534 m ²
Fasteignarmat	1.132.800.000
Tegund húsnæðis	Skóli

Viðhaldspörf fasteignar næstu ár.

Ástand húsnæðisins er í sæmilegu ástandi. Uppsafnaður viðhaldskostnaður vegna fyrirséðra viðgerða á næstu árum er áætlaður um **40 milljónir** króna. Ef miðað er við 0,85% viðhald af fasteignamati má gera ráð fyrir að kostnaður vegna ófyrirséðra viðgerða verði að auki ca. **10 milljónir** á ári. Samanlögð viðhaldspörf næstu 3 árin er því um **70 milljónir króna**. Stærstu kostnaðarþættir eru m.a. eftirfarandi:

Innanhúss:

- Endurmála m.a. veggi í skólastofum.
- Laga hljóðvist í stofu við matsal
- Laga einn útvegg.
- Skipta um ljósbúnað, setja upp LED ljós
- Bæta loftræstingu fyrir kæliskápa í ljósritunarherbergi.
- Yfirfara og endurnýja gólfefni.
- Hússtjórnarkerfi

Utanhúss:

- Laga þakkant við stigagang.
- Laga ryð á þaki
- Sprunguviðgerðir utanhúss og málun
- Lagfæra steypuskemmdir á loftræstiháfi.
- Malbika göngustíg neðst við Suðurlholt
- Yfirfara lóð, tæki og annað sem kemur uppá.

Viðhaldsskipting næstu 3 ár		
2021	2022	2023
20.700.000	24.300.000	25.000.000

Framkvæmdir 2020.

Á árinu 2020 var varið um 11 milljónum í viðhald á eigninni. Viðhaldsverkefni voru m.a.:

- Laga vegg hjá hjúkrunarfræðing
- Kerfisloft og ný ljós í danssal. LED Dali panellampar 11 stk. Í danssal, neyðarljós 1 stk. LED lampi 18W höggvarinn. Tenglar og efni
- Brotið gler skipt um 3 rúður
- Málun inn að sviði, andyri inn í eldhús, hluti af eldhúsi og skrifstofa inn af eldhúsi. Málahvít akrílhúð 25
- Skipta um Brunasírenu utandyra,
- Málun. Norðvestur gangur og stigagangur niður í kjallara. Málahvít akrílhúð.
- Skipta um glugga í gagnaveitu kofa
- Kofi/ verið að taka í gegn viðarvörn
- Ný út og neyðarljós 17 stk
- Dúkalögn kennslustofa og andyri
- Málun: Stofur 16 og 19 og aðal anddyri ásamt trébitum í lofti á þessum stöðum. Efni: málahvít akrílhúð 25 og grunnal.
- Trjáklippingar
- Ruslaferð með timbur af lóð
- Hurðapumpa
- Skipta um brotna rúðu í gærsluvelli
- Mæla fyrir ofnum í stofu tónmennt og ágangi vesturálm. Sækja ofna og tengja. Taka niður ofna í stofu 19. Taka niður ofna í stofu 20. Setja við ofna aftur í stofu 19-20. Setja tengikrana fyrir uppvottavél í stofu 37. raungreinadeild. Bæta frostlegi á snjóbræðslu í vesturálm. Skipt um þennsluker á snjóbræðslu vesturálm.
- Rífa klæðningu af útvegg og setja nýja á, vegna leka
- Laga rafmagnstöfluskáp og skólabjöllur. Ný skólabjalla ofl
- 2 stk Simens LED úiljós í vegg. 1 stk Olypya út og neyðarljós
- Málningarvinna. Gluggaveggir í stofum 19 og 21. Málahvít akrílhúð 25. Nýjar spónarplötur, það þurfti að sparsla öll samskeyti.
- Skipta um dimmer, setja vegggljós yfir vask ofl
- Málun bílastæða

Áætlað viðhald á árinu 2021

Á árinu 2021 er áætlað að verja um 20,7 milljónum í viðhald. Viðhaldsáætlun 2021 er merkt með rauðu í texta hér að framan.

Myndir af viðhaldsverkefnum:



Mynd. Laga þarf gólfefni víða við innganga. Á mörgum stöðum innandyra þarf að mála vegg.



Mynd. Skipta þarf út timbri í gluggum sem er bólgið vegna gamalla leka. Á mörgum stöðum þarf að mála glugga innandyra.



Mynd. Laga þarf gólfefni s.s. yfirfara suður og laga sprungur í dúkum. Hurðakarmar víða orðnir uppþógnir vegna raka frá ræstingu.

Lækjarskóli



Heildarviðhaldskostnaður	90 m.kr.
Bókhaldsnúmer	31-111-11010
Heimilisfang	Sólvangsvegur 4
Byggingarár	2003
Flatarmál	6578 m ²
Fasteignarmat	2.346.700.000
Tegund húsnæðis	Skóli

Viðhaldspörf fasteignar næstu ár.

Ástand húsnæðisins er í ágætis standi. Uppsafnaður viðhaldskostnaður vegna fyrirséðra viðgerða á næstu árum er áætlaður um **30 milljónir** króna. Ef miðað er við 0,85% viðhald af fasteignamati má gera ráð fyrir að kostnaður vegna ófyrirséðra viðgerða verði að auki ca. **20 milljónir** á ári. Samanlögð viðhaldspörf næstu 3 árin er því um **90 milljónir króna**. Stærstu kostnaðarþættir eru m.a. eftirfarandi:

Innanhúss:

- Endurmála vegg.
- Skipta út eða laga hússtjórnarkerfi (iðntölvu), sem er farin að bila.
- Slípa og lakka parket á stigagöngum, tröppum og handlistum.
- Laga flóttahurð í norðurenda og leka með henni
- Skipta um ljósbúnað
- Skipta um ónýta gluggamótora
- Yfirfara og endurnýja gólfefni.

Utanhúss:

- Skoða lausnir varðandi rennur og niðurföll, vandamál í frosti og spurning um að setja hitakapal.
- Lækka niðurföll á skólalóð
- Bera á timburvirki utan á skólanum
- Yfirfara lóð, tæki og annað sem kemur uppá.

Viðhaldsskipting næstu 3 ár		
2021	2022	2023
12.000.000	39.00.000	39.00.000

Framkvæmdir 2020.

Á árinu 2020 var varið um 23 milljónum í viðhald á eigninni. Viðhaldsverkefni voru m.a.:

- Hækka upp gólf í matsal
- Setja nýja stofu/milliloft á 2 hæð. Settur gólfhiti í stofuna. Tengt inn í stofuna, rafmagn, sprinkler, vatn, skolp og loftræsting. Sett upp hurð og gluggi mm
- Skipta um ónýta mótórloka, Vatnslokumótorar 5 stk.
- Vinna við hitastýringu, fara yfir gólfhita, vinna við að skipta um mótórloka, kúluloka og strengloka á gólfhitakerfi.
- Laga leka með gluggum kittun og múrviðgerðir
- Skipta um invols í ofnkrönum. Fara yfir ofna og festa neysluvatn
- Mála stofur C101, C102 og C103. Stofur D101, D102, D103 og D104. Stofu A107. Lækjarskólahvít og 102-4d (gult) og 1080-y70r (rautt)
- Viðgerð á niðurfallsrennu
- Litað ál utan á húsið sett yfir þensluraufar
- Viðgerð brunaviðvörðunarkerfi skipta um 93 reykskynjara. Skipta um tengi í staur sem var færður og aftengja brotinn staur
- Opnanlegt fag í glugga með mótór
- Lokaúttekt, milliloft, hækkun á gólfi í matsal og sorptunnugeymsla
- Skipt um 2 brotnar rúður
- Vegghitanemi, forritun á gluggastýringu
- Endurnýja hurð í Kristalsal
- Nýjan álhatt yfir loftræsti inntak
- Mála bílastæðalínur
- Smíðuð ný sorptunnugeymsla
- Útbúa bílastæði fyrir fatlaða á lóð norðanmegin
- Ljósþúnaður LED á ljósastaura ca. 30 stk
- Flutningur á ljósastaur
- Laga leiktæki
- Trjáklipping
- BSI uttekt á leiktækjum og lóð
- Viðhald á útisvæði, grúsarefni
- Laga kastala
- Vindbrjótur
- Viðgerð á steinhleðslu
- Viðgerð og viðbætur á ljósastaurum.
- Vinna við að laga kastala
- Málun bílastæða

Áætlað viðhald á árinu 2021

Á árinu 2021 er áætlað að verja um 12 milljónum í viðhald. Viðhaldsáætlun 2021 er merkt með rauðu í texta hér að framan.

Myndir af viðhaldsverkefnum:



Mynd. Hurð orðin léleg á útigeymslu Mála þarf víða veggj og laga eftir rakaskemdir. Ljósbúnaður í loftum orðinn lélegur þarf að fara að skipta honum út

Lækjarskóli - íþróttahús



Heildarviðhaldskostnaður	13,5 m.kr.
Bókhaldsnúmer	31-111-11010
Heimilisfang	Sólvangsvegur 4
Byggingarár	2005
Flatarmál	1639 m ²
Fasteignarmat	148.550.000
Tegund húsnæðis	Íþróttahús

Viðhaldspörf fasteignar næstu ár.

Ástand húsnæðisins er gott. Uppsafnaður viðhaldskostnaður vegna fyrirséðra viðgerða á næstu árum er áætlaður um **10 milljónir** króna. Ef miðað er við 0,85% viðhald af fasteignamati má gera ráð fyrir að kostnaður vegna ófyrirséðra viðgerða verði að auki ca. **1,2 milljónir** á ári. Samanlögð viðhaldspörf næstu 3 árin er því um **13,5 milljónir króna**. Stærstu kostnaðarþættir eru m.a. eftirfarandi:

Innanhúss:

- Endurmála vegg og glugga.
- Laga og mála hurðar í íþróttasal og í búningsklefa drengja.
- Laga innstreymi vatns í kjallara sem verður ef rafmagn slær út
- Laga hljóðvist
- Setja nýjan heitapott
- Myndavélakerfi fyrir sundlaug.

Utanhúss:

- Bera á allt timburvirki utan á íþróttahúsi
- Laga leka í andyri

Viðhaldsskipting næstu 3 ár		
2021	2022	2023
4.000.000	4.500.000	5.000.000

Framkvæmdir 2020.

Á árinu 2020 var varið um 5 milljónum í viðhald á eigninni. Viðhaldsverkefni voru m.a.:

- Málun íþróttahúss, andyri, stigagangur, veggir fyrir framan lyftu, gangur að búningsklefum einn rauður veggur inni í andyri í skólanum. Lækjarskólahvít High finish 20 Flugger. 2030B40G High finish Flugger (sægrænt). 1080Y70R High finish 20 Flugger (rautt)
- Laga hljóðvistaplötur í íþróttahúsi
- Útljós við sundlaug og íþróttahús
- Skipta út 39 m² af hljóðvistarplötur í íþróttahúsi
- Útbúa ruslatunnugerði við íþróttahús
- Ný rúða í sundlaug
- Ljós ruslageymsla

Áætlað viðhald á árinu 2021

Á árinu 2021 er áætlað að verja um 4 milljónum í viðhald. Viðhaldsáætlun 2021 er merkt með rauðu í texta hér að framan.

Myndir af viðhaldsverkefnum:

Mynd. Hurðir innanhúss eru margar orðnar lélegar. Girðingar hringum lóð orðnar lélegar.



Mynd. Vantar ruslagerði. Niðurföll standa víða upp úr malbiki.

Menntasetrið



Heildarviðhaldskostnaður	55 m.kr.
Bókhaldsnúmer	31-111-11001
Heimilisfang	Skólabraut 3
Byggingaár	1924-1926
Flatarmál	2108 m ²
Fasteignamat	587.600.000
Tegund húsnæðis	Skóli

Viðhaldspörf fasteignar næstu ár.

Kominn er tími á umtalsverðar endurbætur á húsnæðinu. Óvissa er tengd viðhaldspörf sem ræðst af framtíðar starfsemi hússins. Uppsafnaður viðhaldskostnaður vegna fyrirséðra viðgerða er áætlaður um **40 milljónir króna**. Ef miðað er við 0,85% viðhald af fasteignamati má gera ráð fyrir að kostnaður vegna ófyrirséðra viðgerða verði að auki ca. **5 milljónir** á ári. Samanlögð viðhaldspörf næstu 3 árin er því um **55 milljónir króna**. Stærstu kostnaðarþættir eru m.a. eftirfarandi:

Innanhúss:

- Endurmála veggi, glugga og hurðar.
- Endurnýja gólfefni.
- Endurnýja hurðar.
- Stækka hurðargöt.
- Laga leka með opnanlegum fögum.
- Líklegast þarf að leggja nýja heimtaug inn í skólann. Henda þarf út spennubreyti sem er inni í skólanum, sem er farinn að gefa frá sér hávaða og er farinn að hitna. Samhliða þessu þarf að ráðast í breytingar á rafmagnstöflum.
- Laga eftir leka við gólf á neðstu hæð á tveim stöðum
- Skipta út gleri í gluggum, móða í gleri
- Bæta aðstöðu fyrir fatlaða sem ræðst af notkun
- Myndavélakerfi.
- Endurskoða brunavarnir í húsinu sem ræðst af framtíðar starfsemi
- Laga loftræstingu
- Raflagnir orðnar gamlar
- Ofnakerfi orðið gamalt
- Neysluvatnslagnir gamlar
- Lagfæra hljóðvist í einni stofu

Utanhúss:

- Yfirfara rennur og niðurföll á gömlu smíðastofu
- Skipta um ryðguð járn á gluggum utanhúss
- Skipta um ryðgaðar flasningar á þaki smíðastofu
- Múrviðgerð og málun á gömlu smíðastofu.
- Myndavélakerfi.
- Setja snjóbræðslu í 3 neðstu þrep í tröppum
- Yfirfara lóð, tæki og annað sem kemur uppá.

Viðhaldsskipting næstu 3 ár		
2021	2022	2023
14.000.000	20.000.000	21.000.000

Framkvæmdir 2020.

Á árinu 2020 var varið um 9 milljónum í viðhald á eigninni. Viðhaldsverkefni voru m.a.:

- Setja í gang snjóbræðsluna, leita að retúr, fara yfir alla ofna í húsinu, skipta út termó og pakkdósum. Vinna við ofna á efstu hæð v. Lágs þrýstings. Koma hita á ofn í smíðastofu vinna við ofna undir tröppum.
- Útsog í mæni að 3 túðum, raflagnavinna
- Þétting á skorsteini og útloftun í kjallara 2 túður
- Breyting á 24 stk flúrlömpum í LED lampa ódimmanlegir
- Laga vatnskрана, taka frá WC og henda í sorpu
- Vinna við þrýstijafnara, breyta grind, mynda lagnir, koma hita á húsið lofttæma. Vinna við miðstöðvarkerfi, skipta um invols í WC mm.
- Gamla smíðastofan, WC tengingar og viðhald á lögnum
- Mála stofur 302,304,305 og309 (eldhús). Lækjarskólahvít (high finish 20 flugger).
- Loka fyrir snjóbræðslu
- Málningarvinna. Bláa stofan og eldhúsveggur. Efni Málarahvít akrílhúð 25.
- Skipt um ca. 10 glugga og nýja hurð á gömlu smíðastofunni
- Viðgerð á gólfdukk í eldhúsi
- Ný eldhúsinnrétting ofl vegna aðstöðu sérgreinadeildar Hraunvallaskóla
- Vinna við returlögn, mynda lagnir og leita að leka. Vinna við miðstöðvarkerfi
- Laga snjóbræðslu
- Finna kastara utan á hús, greining á loftræstikerfi, loftræsting blés köldu, frostvarnir slegnar út, varmaskiptir kaldur, lagfæring með pípara
- Mælingar vegna útskipta á loftræsingu
- Koma hita á ofn. Skipta um pakkdós í gamla húsvarðarherbergi

Áætlað viðhald á árinu 2021

Á árinu 2021 er áætlað að verja um 14 milljónum í nauðsynlegt viðhald. Viðhaldsáætlun 2021 er merkt með rauðu í texta hér að framan.

Myndir af viðhaldsverkefnum:



Mynd. Rið er í járn og skrúfum í gluggum Menntasetursins. Endurnýja þarf rennur á Smíðastofu, laga sprunguviðgerðir og mála eða klæða húsið

Setbergsskóli



Heildarviðhaldskostnaður	322 m.kr.
Bókhaldsnúmer	31-111-11005
Heimilisfang	Hlíðarberg 2
Byggingarár	1989
Flatarmál	5847 m ²
Fasteignamat	1.093.150.000
Tegund húsnæðis	Skóli

Viðhaldspörf fasteignar næstu ár.

Kominn er tími á umtalsverðar endurbætur á húsnæðinu. Uppsafnaður viðhaldskostnaður vegna fyrirséðra viðgerða á næstu árum er áætlaður um **280 milljónir króna**. Af þessari upphæð er stærsti kostnaður áætlaður vegna þakviðgerða alls um 237 milljónir. Þak byggingarinnar er um 3.650 m². Við vitum, að í fyrsta áfanga byggingarinnar er ónóg loftun í þakvirki. Hvort slíkt sé reyndin í öðrum og þriðja áfanga er enn óvíst. Umfang vandamálsins er óljóst en til þess að átta sig á vandanum þarf að rífa járn og þakpappa af þakinu og meta hvort ónóg loftun sé alstaðar orsök rakavandamála.

Viðhaldspörfin tengist ennfremur þakgluggum og innleka með þeim. Annar orsakavaldur lekavandamála getur ennfremur verið frágangur á rakaspermum byggingarinnar. Vandinn gæti og er án efa margþættur og kostnaðarmat viðgerða því gróflega áætluð.

